

**Nr. 17-075 S 054 Vala HF 5****Tók niðri á Faxaflóa**

Skipaskr.nr. 6982  
Útgerð: Vala HF 5 ehf  
Smíðaður: Trefjar, Trefjaplast, 1987  
Stærð: 9,16 bt. 8,43 brl.  
Mesta lengd: 10,48 m Skráð lengd: 10,46 m  
Breidd: 2,70 m Dýpt: 1,59 m  
Vél: SABB, 48 kW, 1987  
Fjöldi skipverja: 2



Vala©Ríkarður Ríkarðsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 6. júní 2017 var Vala HF 5 á grásleppuveiðum fyrir utan Vatnsleysuströnd. Veður: N 5-7 m/s.

Skipstjórinn tilkynnti til Vakstöðvar siglinga (VSS) að báturinn væri strandaður við Kúagerði á Vatnsleysuströnd. Nokkru síðar var tilkynnt til VSS að báturinn væri laus og enginn leki sjáanlegur. Völu var siglt undir eigin vélarafli til hafnar í Hafnarfirði.

**Við rannsókn kom fram:**

- að netunum er lagt við ströndina í Faxaflóa eins grunnt og hægt er;
- að skipstjórinn var ekki vanur þessu veiðisvæði en hafði stundað þessar veiðar í yfir 40 ár;
- að í bátnum var dýptarmælir og MacSea siglingartölva sem voru í notkun;
- að báturinn settist upp á skerið þegar verið var að draga netin;
- að skipstjórinn fór til að kalla á aðstoð en hinn skipverjinn skar netið frá og losnaði þá báturinn strax;
- að skipstjórinn sagði að um mannleg mistök hefði verið að ræða hjá sér og vanmat á aðstæðum.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.